

Nd.

726. Breytingartillögur

[182. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 55 17. júlí 1964, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Einari Ágústssyni og Skúla Guðmundssyni.

1. 4. gr. orðist svo:

I-liður 25. gr. orðist svo:

Tekjuskattur þeirra, sem um ræðir í 1. gr. og 2. gr., sbr. 3. gr., 4. gr. og

6. gr. 3. málsgr., reiknast þannig:

Af fyrstu 16000 kr. skattgjaldstekna greiðist 5%.

Af 16000—48000 kr. greiðist 800 kr. af 16000 kr. og 10% af afgangi.

Af 48000—80000 kr. greiðist 4000 kr. af 48000 kr. og 15% af afgangi.

Af 80000—112000 kr. greiðist 8800 kr. af 80000 kr. og 20% af afgangi.

Af 112000—144000 kr. greiðist 15200 kr. af 112000 kr. og 25% af afgangi.

2. Við 6. gr. Á eftir 1. efnismálsgr. bætist:

Á eftir 3. málsgr. 42. gr. bætist:

Umfram þau framtöl, sem að dómi skattyfirvalda gefa sérstaka ástæðu til rannsóknar, skal árlega fara fram rannsókn á 3% allra framtala þeirra aðila, sem bókhaldsskyldir eru, og á 2% annarra framtala. Skulu þessi framtöl valin með útdrætti úr öllum framtölum landsins af Hagstofu Íslands samkvæmt reglum, er hún setur. Framtöl þau, sem þannig eru valin, skal athuga ýtarlega, rannsaka bókhald aðila og leita upplýsinga um hvað eina.

3. Við 10. gr. Í stað orðanna „skattvísitölu, sem ... og ríkisskattstjóra“ komi: kaupgjaldsvísitölu, og skal miða við meðalvísitölu tekjuöflunarársins.